



**REGLUR UM ÁBYRGÐARMÖRK OG STARFSHÆTTI
stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ**

I.

**Um ábyrgðarmörk stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá
Akureyrarbæ**

1. Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og varamenn þeirra. Nefndarmenn eru þeir einstaklingar sem eru tilnefndir og kosnir í fagnefndir bæjarins og starfa í umboði bæjarstjórnar.

Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn starfa samkvæmt:

- a) samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar ásamt viðaukum við samþykktina,
- b) sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011,
- c) samþykktum um fastanefndir,
- d) sérstökum stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar,
- e) ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem bæjarstjórn samþykkir,
- f) siðareglum kjörinna fulltrúa Akureyrarbæjar,
- g) reglum þessum og
- h) lögum og reglum sem gilda um einstaka málaflokka.

2. Stjórnendur eru allir yfirmenn stjórnsýslu Akureyrarbæjar samkvæmt gildandi skipuriti á hverjum tíma sem ráðnir eru skv. 51. gr. og 1. mgr. 52. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Stjórnendur starfa samkvæmt:

- a) samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar ásamt viðaukum við samþykktina,
- b) sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011,

- c) stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012 og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018,
- d) samþykktum um fastanefndir bæjarstjórnar,
- e) sérstökum stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar,
- f) ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem bæjarstjórn samþykkir,
- g) gildandi kjarasamningum og samningum um ráðningarkjör,
- h) reglum þessum og
- i) lögum, reglum og gjaldskráum sem gilda um málaflokk þeirra eða verkefni.

3. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að:

- a) móta stefnu fyrir starfsemi Akureyrarbæjar og einstakra sviða og stofnana bæjarfélagsins, m.a. með gerð starfs- og fjárhagsáætlana,
- b) setja starfsemi bæjarins reglur, m.a. um hlutverk, ábyrgðarmörk og starfshætti nefnda, kjörinna fulltrúa og stjórnenda, gjaldskrár o.þ.h. eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur,
- c) ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og veita umsagnir um ráðningar skv. 51 gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

4. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa og nefndarmanna að hafa eftirlit með samþykktum og ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda og að starfsemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.

5. Bæjarstjóri með sviðsstjóra sér til aðstoðar eru tengiliðir kjörinna fulltrúa við daglega starfsemi Akureyrarbæjar og ber ábyrgð á að hún sé samkvæmt stefnu og ákvörðunum í viðkomandi málaflokki. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn hlutast aðeins til um framkvæmd stefnu með samþykktum í bæjarstjórn og á nefndarfundum en hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum bæjarins.

6. Bæjarstjórn er heimilt að fela nefndum fullnaðarafgreiðslu mála skv. 37. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar. Á sama hátt skv. 53 gr. sömu samþykktar geta nefndir falið stjórnendum fullnaðarafgreiðslu mála á verksviði

þeirra samkvæmt starfsreglum sem bæjarstjórn staðfestir. Stjórnendur gera nefndum reglulega grein fyrir afgreiðslu slíkra mála.

7. Bæjarstjóri kynnir og er í forsvari fyrir ákvarðanir og stefnumörkun bæjarstjórnar en formenn nefnda og ráða kynna ákvarðanir þeirra. Stjórnendur kynna og eru í forsvari fyrir framkvæmd þessara samþykka og ákvarðana.

II.

Um skyldur og starfshætti stjórnenda

8. Stjórnendum Akureyrarbæjar ber að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi og taka þá fram yfir hagsmuni stjórnunareiningar sinnar ef svo ber undir. Þeim ber einnig að hafa að leiðarljósi Reglur um hlutverk stjórnenda hjá Akureyrarbæ.

9. Stjórnandi:

a) er leiðtogi undirmanna sinna í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu við íbúa bæjarins samkvæmt stefnu bæjarstjórnar. Hann hefur samráð við undirmenn sína um framkvæmd stefnunnar en þeir taka þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða starfsvettvang þeirra,

b) ákveður samskiptareglur þeirra eininga eða stofnana sem heyra beint undir hann. Stjórnandi getur ekki sett starfsreglur sem hafa áhrif á verksvið annarra hliðstæðra stjórnenda nema í samráði við þá og sameiginlegan yfirmann,

c) samræmir störf milli stjórnunareininga eða stofnana sem undir hann heyra,

d) færir útgjöld milli rekstrarliða innan málaflokksins/verkefnisins að frátöldum liðum sem bundnir eru af lögum, reglugerðum og samþykktum,

e) ákveður tilhögun starfsmannahalds, m.a. ráðningar almennra starfsmanna og tilfærslu þeirra milli starfa samkvæmt ráðningarsamningum, kjarasamningum og gildandi reglum. Stjórnandi auglýsir störf og gefur upplýsingar um þau.

f) gerir þjónustusamninga um einstaka verkþætti og býður út verk í samræmi við lög um opinber útboð nr. 120/2016 og meginreglur Akureyrarbæjar um innkaup og útboð. Stjórnanda er heimilt, í samráði við næsta stjórnanda, að gera minni háttar

samninga til allt að þriggja ára ef þeir hafa ekki í för með sér aukningu á árlegum útgjöldum málaflokksins eða breytingar á þjónustunni sem veitt er,
g) hefur eftirlit með daglegri starfsemi eininga og stofnana sem undir aðra stjórnendur heyrir, sem lægra eru settir í skipuriti, en hlutast ekki til um hana nema um frávík sé að ræða frá vönduðum stjórnsýsluháttum, samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum eða reglum og samþykktum bæjarstjórnar eða fagnefndar.

10. Stjórnandi ber ábyrgð gagnvart næsta stjórnanda ofar í skipuriti og lýtur fyrirmælum hans.

11. Verði stjórnandi var við óeðlileg frávík frá markaðri stefnu, stefnum Akureyrarbæjar, settum reglum eða samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum í rekstri stjórnunareininga sem undir hann heyra, beinir hann fyrirmælum um úrbætur til næsta undirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki eða verkefni.

12. Stjórnanda er óheimilt að semja um ráðningarkjör umfram kjarasamninga (hlunnindi, fastar yfirvinnugreiðslur o.s.frv.) eða samþykktir bæjarráðs og ber að framfylgja jafnlaunastefnu Akureyrarbæjar. Stjórnandi gerir ráðningarsamninga að höfðu samráði við mannauðssvið bæjarins.

13. Stjórnanda er skylt að láta næsta yfirmann vita ef möguleikar hans á að vinna úthlutað verkefni eru skertir vegna vanþekkingar, hagsmuna, tengsla eða annarra ástæðna sem kunna að vera fyrir hendi. Yfirmaður viðkomandi stjórnanda skal taka tillit til þess við vinnslu verkefnisins og gerðar næstu starfspróunaráætlunar ef við á.

III.

Um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna

14. Bæjarstjóri er yfirmaður stjórnsýslu bæjarins og alls starfsliðs.

15. Kjörnir fulltrúar hafa ekki boðvald yfir starfsmönnum og skulu ekki hafa áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir með neinum hætti.

16. Tengill kjörinna fulltrúa við starfsmenn bæjarins er bæjarstjóri og sviðsstjóri hvers sviðs. Samskipti kjörinna fulltrúa og stjórnsýslu skulu miðast við skilgreinda tengiliði hvers málaflokks, nema sérstaklega sé kveðið á um annað með sérstökum samþykktum nefnda og ráða bæjarins, enda skuli það tengjast afmörkuðum verkefnum sem eru í vinnslu.

17. Kjörnum fulltrúum er óheimilt að reka erindi bæjarbúa við einstaka starfsmenn og vilji kjörinn fulltrúi koma máli í farveg skal það gert innan viðkomandi nefndar eða fyrir milligöngu bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra og þá í samráði við bæjarstjóra.

18. Bæjarfulltrúum og ef þurfa þykir einstaka nefndarmönnum er óheimilt að kalla eftir upplýsingum um einstaka mál nema í samráði við bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra. Óski bæjarfulltrúar eftir sérstökum upplýsingum um tiltekin mál skal hann fylgja 21. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

19. Starfsmönnum er óheimilt að leita til kjörinna fulltrúa varðandi málefni sem lýtur að launakjörum og starfsumhverfi, enda eru kjörnir fulltrúar ekki yfirmenn stjórnsýslunnar.

Samþykkt í bæjarráði 5. maí 2022

Samþykkt í bæjarstjórn 10. maí 2022